

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 79/1988, um persónuafslátt og sjómannaafslátt, með síðari breytingum.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 562/1988, orðist svo:

Persónuafsláttur manna sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skal vera 250 200 kr. samkvæmt viðmiðun við lánskjaravísitölu 1. desember 1989. Fjárhæð persónuafsláttar breytist í samræmi við 121. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

2. gr.

3. gr. reglugerðarinnar, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 562/1988, orðist svo:

Við ákvörðun staðgreiðslu opinberra gjalda skal draga persónuafslátt samkvæmt 2. gr. frá reiknaðri staðgreiðslu þannig:

1. Ef launatímabil er einn mánuður:	20 850 kr.
2. Ef launatímabil er hálfur mánuður:	10 425 kr.
3. Ef launatímabil er fjórtán dagar:	9 597 kr.
4. Ef launatímabil er ein vika:	4 798 kr.
5. Ef launatímabil er annað en að framan greinir skal ákvarða persónuafslátt launatímabils þannig:	

250 200

365

× dagafjöldi launatímabils

Ekkert launatímabil getur verið lengra en einn mánuður.

3. gr.

3. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 562/1988, orðist svo:

Sjómannaafsláttur skal vera 575 kr. samkvæmt viðmiðun við lánskjaravísitölu 1. desember 1989 fyrir hvern dag sem maður telst stunda sjómannsstörf.

4. gr.

2. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 562/1988, orðist svo:

Sjómannaafsláttur getur mest verið jafnhár reiknuðum tekjuskatti af þeim launum sem greidd eru fyrir sjómannsstörf, þ.e. 32,8% af þeim launum, þar á meðal reiknuðum launum manna sem starfa við eigin útgerð, enda séu og uppfyllt ákvæði 12. gr. Sjómannaafsláttur kemur þannig ekki til lækkunar á tekjuskatti af rekstrarhagnaði þeirra sem starfa við eigin útgerð.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 3. mgr. 11. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, og heimild í 68. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 49/1987, lög nr. 92/1987, öðlast gildi 1. janúar 1990.

Fjármálaráðuneytinu, 28. desember 1989.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Snorri Olsen.